

Nd.

160. Frumvarp

til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Halldóri prófasti Bjarnarsyni prestsetrið Presthóla í Núpasveit fyrir 4000 krónur og með þeim öðrum skildögum, sem ákveðnir eru í lögum um sölu kirkjujarða.

Arið 1911 fór jeg þess á leit við hild háa alþingi, að það leyfði mjer með lögum að fá keypta ábúðarjörð mína, kirkjujörðina Presthóla. Málaleitun minni lauk svo, að háttv. neðri deild samþykkti rökstudda dagskrá þess efnis, að deildin treysti því, að landstjórnin gæfi ábúanda Presthóla kost á að kaupa jörðina, ef ekkert sjerstakt reyndist með rökum því til fyrirstöðu.

Jeg hafði áður varið liðugum 2500 kr. til endurbóta á jörðinni, lagt akveg til sjávar, sem er nokkuð löng leið, bygt fjárborg stóra og með góðri gerð, sljettað tún að nokkru og girt. Jeg rjediðist í að gera þetta eftir að jeg hafði leitað til biskups um að fá prestakallslán til jarðabóta, en hann tjáði mjer, að ekki væri hægt að fá það lán vegna þess, að jörðin yrði lögð niður sem prestsetur, taldi hann hinsvegar, að ekkert mundi því til fyrirstöðu að jeg lengi jörðina keypta og gæti þá tekið lán uppá hana, og gert þær bætur, sem æskilegar væru. Í þessari von byrjaði jeg á jarðabótunum. Þegar jeg síðar sendi beiðni mína um kaup á jörðinni til sýslunefndar, áleiðis til stjórnarráðsins, var mjer synjað meðmæla nefndarinnar af þeim ástæðum, að Presthólum væri svo vel í sveit komið, að jarðarinnar yrði síðar þörf til opinberra afnota. Hin háttv. nefnd, er neðri deild skipaði í þetta mál leit svo á, að hjer væri eigi um nægar ástæður að ræða til að meina mjer kaup á jörðinni, og visast þar um til nefndarálitsins, sem prentað er í A.-deild Alþingistið. 1911 bls. 913, þingskj. 712.

Þegar jeg hafði frjett, að háttvirt neðri deild hefði samþykkt rökstudda dagskrá, þá er fyr um getur, taldi jeg vafalaust, að mjer mundi auðnast að fá jörðina keypta. Rjedið jeg þá til min menn, er unnið hafa að jarðabótum hjá mjer í fyrra og í sumar, svo að nú hefi jeg varið til þeirra alls um 3500 krónum.

Jeg hefi nú átt tal við hæstv. ráðherra um kaup á jörðinni, og hefir hann tjáð mjer, að hann telji sjer ekki heimilt að selja hana sakir þess, að sýslunefndin hafi lagt á móti sölunni, þyrfti til þess sjerstakt lagabod.

Jeg verð því á ný að snúa mjer til hins háa Alþingis um, að það heimili með sjerstöku lögum, að jeg fái keypta ábýlisjörð mína. Vænti jeg þess, að það sje sama sinnis og vilji sýna mjer sömu sanngirni nú eins og 1911, er það með rökstuddri dagskrá lýsti því yfir, að það sæi ekkert því til fyrirstöðu, að jeg fengi jörðina keypta.

Þess er getið í áður umgetnu áliti nefndar háttv. neðri deildar, að nauðsynleg gögn vanti, svo að ekki verði ákveðið neitt um sölu jarðarinnar. Úr þessu er nú bætt, þareð hjer með fylgja matsgerðir frá árunum 1854, 1899, 1908 og 1911 ásamt fleiri skjölum.

Um virðingargerðina 14. sept. 1911, þá síðustu, vildi jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum.

Jeg sneri mjer um sumarið 1911 til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, og bað hann nefna til matsmenn að virða ábýlisjörð mína. Gerði hann það, og nefndi til þá, Árna sýslunefndarmann Kristjánsson í Þórunnarseli og Jón bónda Ingimundarson á Brekku. Virðinguna framkvæmdu þeir þannig, að þeir skrifuðu að eins upp úr kirkjustólnum nöfn jarðarhúsanna, en ekki stærð þeirra. Ekki litu þeir heldur á þau. Fóru síðan burt, án þess að skoða jörðina frekar.

Við virðingargerð þeirra get jeg alls ekki unað. Jörðin er þar metin mikils til of hátt, bæði að mínu áliti og annara, er á það minnst norður þar, og er mjer ókleift að

kaupa hana því verði. Þeim sem lesa virðingargerð þessa, mun fremur virðast, sem hjer sje að ræða um prókúratórskjál, heldur en gerð óvilhallra manna. Skjalið ber það fyllilega með sjer, borið saman við eldri matsgerðir, að verið er að reyna að fódra það, að virðing- arverðið er sett svona háft, 7200 krónur. Jeg verð líka að halda því fram, að sýslumaður hafi ekki tilnefnt hjer tvo óvilhalla menn til matsins, því það er al-kunnugt, og líka get jeg, hvenær sem er, fært fyrir því fullnægjandi sannanir, að annar virðingarmaðurinn (Jón Ingimundarson) hefir sýnt mjer opinberan fjandskap. Um hinn virðingarmanninn er það að segja, að hann átti sæti í sýslunefnd þeirri, sem synjaði mjer meðmæla með sölunni.

Skal jeg nú fyrst, áður en jeg vik að matsgjörðinni sjálfri, geta þess, að virðing- armennirnir skýra ekki rjett frá, að þá hafi vantað nægar upplýsingar, þegar þeir komu að meta jörðina. Matsmennirnir áttu þá kost á að sjá öll þau skjöl jörðinni viðkomandi sem til matsins þurfti, svo sem kirkjustólinn með úttektargerðum, matsgerðir og fleiri skjöl, þar á meðal skjöl þau, er jeg sendi þeim með brjefi dags. 9. sept 1911, sem með fylgir. Öðrum matsmanninum, J. I., þótti að eins vanta matsgerð, framkvæmda af honum og hreppstjóranum árið 1908, en sú matsgerð hefir mjer aldrei verið tilkynt eða send, enda ekki áanleg hjá hreppstjóranum, eins og brjef mitt ber með sjer. — Nú hefi jeg fengið hana hjá stjórnarráðinu, og fylgir hún með og verður vikið að henni síðar.

Að því er til efnisins kemur í virðingargerðinni 1911, þá rengja virðingarmen- nirnir lögmæltar skýrslur hreppstjórans um hefyng jarðarinnar. Þeir færa engar ástæður fram fyrir vjefnging sinni, og verður hún því ekki álitin annað en staðhæfing út í loftið. Um engjarnar, sem þeir bæði spá og tala svo fagurlega um, skal þess getið, að sama sumarið sem virðingin fór fram og þeir meta útheysteng hennar 2—300 hesta. Þá heyjaði jeg þar kringum 15 hesta sjálfur. Síðan leyfði jeg Jóni Ingimundarsyni og bræðrum hans á Brekku að heyja á mýrunum, það sem þeir vildu og gætu, þaræð jeg hafði leigt mjer gott engi í næstu sveit, en þeir höfðu þá engar engjar. Það sem þeir gátu urid upp um sumarið, voru 30 votabandshestar; voru þó mýrarnar venju betri það sumar vegna þurka.

Í matsgerð sinni segja virðingarmennirnir, að um 500 fjár hafi verið framsfleytt á Prestshólum síðastliðin ár, auk annara gripa. Þetta er ekki allskostar rjett. Til þess að geta framsfleytt þessum fjenaði, hefi jeg um mörg ár orðið að fá ljedar slæjur í öðrum hrepp. Þetta var að minsta kosti öðrum matsmanninum, J. I., kunnugt um persónulega. Auk þess hefi jeg orðið að koma fyrir sumu af sauðfjenaðinum og hestum annarsstaðar í hreppnum að vetrinum, því beitalandið er lítið.

Stórgripahaga segja þeir góðan. En hið rjetta er, að hann er sama sem enginn á vetrum, eins og fyrri matsgjörðir sýna, sbr. matsgjörðina 1854 og 1899, og litill á sumrin, þar sem heimalandið er að mestu hraunhólar, vaxnir kvisti og lyngi.

Matsmennirnir bera Presthóla saman við aðrar jarðir þar um sveitir. Annar þeirra, Jón Ingimundarson, hafði þá fyrir skömmu virt þjóðjörðina Leirhöfn til söluverðs á 2500 krónur. Presthólar og Leirhöfn eru báðar metnar jafnt að fornu mati, og auk þess er það kunnugt þar norður um sveitir, að sá einn munur er á vetrarútbeit jarðanna, en það er aðalkostur þeirra, að Leirhöfn hefir helmingi meira vetrarþeitarlandrými. Enn- fremur hefir Leirhöfn það framysir, að þar eru sellátur, sem gefa af sjer 60—100 kópa ár- lega, dálítið æðarvarp og þarabeit sem aldrei bregst. Hinn matsmaðurinn virti Skóga í Axarfirði til söluverðs á 3600 krónur, að því er mjer hefir verið frá skýrt. Stjórnarráðið setti verðið upp í liðugar 4400 krónur, en það er kunnugt, að Presthólar komast ekki í nokkurn samjöfnuð við þá jörð.

Í virðingargerð þessari er ekki vikið neitt að því, að Presthólum hafi bæzt nein hlunnindi síðan 21. jan. 1899 að hún var metin (landskuld og leigur) á 154 kr. 25 au., er svarar til 3856 kr. 25 au., að hún geti verið nú komin upp í 7200 kr. En það þarf ekki að fara svona langt aftur í timann. 5. des. 1908, *tæpum þrem árum áður* en þessi virðing- argerð fór fram, meta þeir Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson og Jón bóndi Ingimundar- son, *sami* maðurinn og nú hefir virt hana, jörðina til afgjalds á 120 kr. fyrir utan leigur, ekki eins og þeir segja í virðingargerðinni 14. sept. 1911 »*afgjald heimajardarinnar á kr. 120,00 og hjáleigunnar á kr. 30,00, án kúgilda leigu*«, sjá staðfest eftirrit matsgerðarinnar frá 5. des. 1908, er hjer með fylgir. Kúgildaleigurnar eru jafnaðarlega milli 40 og 50 krónur Svára þá landskuld og leigur samkv. matsgerðinni 1908 til liðugra 4000 króna höfuðstóls. Jörðin ætti því síðan 1908, að hafa hækkað í verði um 3000 krónur, þótt hún að engu

leyti hafi breyzt, nema að þeim umbótum, sem jeg hefi á henni gjört. Vona jeg nú að engum dyljist, að virðingargjörðin 14. sept. 1911 nái engri átt.

Jeg get ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að vika frá reglu þeirri, sem gefin er í 7. gr. laga nr. 50, 16. nóv. 1907, að því er Presthóla snertir, að reikna beri verðið út eftir leigumálanum. En matið 21. jan. 1899, eða ef til vill matið 5. des. 1908, verður nánast að skodast sá leigumáli, er jeg hefi setið við, þar eð mjer var endarveitt kallið 1902.

Jeg get ekki sjeð neina skynsamlega ástæðu fyrir hinu háa mati, nema ef vera kynni, að matsmennirnir hafi virt með umbætur þær, sem jeg hefi gjört á jörðinni. Það lætur nærri, að jörðin sje of virt um þá upphæð. En slik virðing væri óheimil samkv. 8. gr. fyrnefndra laga.

Jeg skal að endingu leyfa mjer að geta þess, að meðalverð jarðarhundraðs hvers, að meðtöldum kúgildum, í seldum þjóðjörðum á árunum 1905—'11 hefir verið kr. 113,06. Ef við það væri miðað, ætti söluverð Presthóla að vera kr. 2713,44. Meðalverð jarðarhundraðs ásamt kúgildum í seldum kirkjujörðum á árunum 1907—'11 er kr. 121,00. Ef miðað er við það, ætti söluverð Presthóla að vera kr. 2904,00.

Samkvæmt því, sem nú hefi jeg sagt, og með hliðsjón af eldri matsgjörðum, er fyrirliggja, vænti jeg þess, að hið háa Alþingi, ef það vill sinna málaleitun minni, ákveði söluverð jarðarinnar svo sanngjarnlega, að mjer sje fært að kaupa hana. Að öðrum kosti hlýt jeg að tapa þeim 3500 kr., er jeg hefi lagt í að endurbæta hana.

Fylgiskjöl með bænarskrá þessari:

Útdráttur úr brauðamati á Íslandi 1854.

Útdráttur úr skýrslu um tekjur og útgjöld Presthólaprestakalls, ásamt virðingargjörð 21. jan. 1899.

Virðingargjörð frá 5. des. 1908.

Virðingargjörð frá 14. sept. 1911.

Skýrsla um hefynd.

Samþykki hjáleigubónða um kaupin.

Útdráttur úr byggingarbrjefi hjáleigunnar Katastaða.

Þrjú brjef.

P. t. Reykjavík 6. ágúst 1912.

Halldór Bjarnarson.

Til
hins háa Alþingis.